



HÁSKÓLI ÍSLANDS

„Hvernig hefur öndun áhrif á einkenni og stjórnun astma sjúkdómsins?“

Þátttakendur óskast í vísindarannsókn um astmasjúkdóm.

Tilgangur rannsóknarinnar er að kanna hvort og hvernig öndunarmeðferð (Buteyko) hafi áhrif á einkenni og stjórnun astmasjúkdómsins. Rannsóknin er meistaraverkefni í Lýðheilsuvísindum við Háskóla Íslands.

Einstaklingum með astma, sem eru 18 ára og eldri, hafa haft þörf fyrir stuttverkandi berkjuvíkkandi lyf eins og Ventolin einu sinni í viku eða oftár undanfarnar fjórar vikur og eru tilbúnir að taka þátt í öndunarmeðferð, er boðið að taka þátt í rannsókninni.

Þátttakan er fólgin í 5 hópmeðferðum á 3ja vikna tímabili, 2 klukkustundir í senn og eftirfylgd verður 6 mánuði eftir að meðferð lýkur. Einnig felst þátttaka í því að mæta þrisvar á Reykjalund með 6 mánaða millibili til mælinga á öndun. Þátttakendur eru beðnir um að svara stuttum spurningarlista um einkenni astmasjúkdómsins. Hæð og þyngð eru mæld og lyfjanotkun er skráð. Hver heimsókn tekur um það bil hálfa klukkustund.

Ekki verður greitt fyrir þátttöku en mælingarnar og meðferðin verður þáttakendum að kostnaðarlausu.

Áhætta og ávinningur:

Áhætta af þátttöku er engin en góð reynsla er af meðferðinni; niðurstöður vísindarannsókna benda til að meðferðin minnki verulega þörf astmasjúklinga fyrir lyf og auki lífsgæði þeirra. Rannsóknin hefur hlotið samþykki Vísindasiðanefndar og verið tilkynnt til Persónuverndar.

Frekari upplýsingar:

Ef þú hefur áhuga að taka þátt, vinsamlegast hafðu samband við Monique van Oosten, sjúkraþjálfara, í síma 8998456 eða senda e-mail: monique@centrum.is.

Ábyrgðarmaður rannsóknarinnar er Dr. Marta Guðjónsdóttir, lífeðlisfræðingur, lektor við Læknadeild Háskóla Íslands og rannsóknastjóri á Reykjalundi.

Þeir sem hafa samband, eru með því eingöngu að lýsa yfir áhuga á frekari upplýsingum en ekki skuldbinda sig til þátttöku.

Þátttakendum eru frjálst að hætta þátttöku í rannsókninni hvenær sem er án frekari skýringa.

Janúar 2012